

6. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru:

- a) Fjárveitingar á fjárlögum, sem miðað er við að standi undir rekstri samkvæmt liðum a, b og c í 2. gr.;
- b) fjárveitingar á fjárlögum til ákveðinna tímabundinna verkefna sem stofnuninni er falið að annast;
- c) tekjur af þjónustu sem seld er utan og innan skólans;
- d) styrkir sem stofnunin og starfsmenn hennar afla úr rannsóknasjóðum til rannsóknaverkefna;
- e) gjafir.

Fjárveitingar og tekjur af þjónustu skulu standa undir fjárþörf stofnunarinnar til reksturs og tækjakaupa miðað við eðlilegan endingartíma. Stofnunin getur þó í samkeppni við aðrar þarfir háskólans sótt um að Happprætti háskólans, fjármagni meiriháttar tækjakaup. Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárlagatillögur stofnunarinnar skulu vera hluti af fjárlagatillögum háskólans.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 139/1990, um Reiknistofnun Háskólans. Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 131/1990 um Háskóla Íslands.

Menntamálaráðuneytinu, 18. júní 1998.

Björn Bjarnason.

Stefán Baldursson.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjálfseignarstofnunina Skóga.

1. gr.

Skógar er sjálfseignarstofnun. Heimili og varnarþing stofnunarinnar er í Rangárvallasýslu. Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Hún er ekki háð neinum öðrum lögaðilum.

2. gr.

Stofnendur eru héraðsnefnd V-Skaftfellanga og héraðsnefnd Rangæinga. Stofnendur leggja til sjálfseignarstofnunarinnar til fullra afnota eignarhlut sinn í jörðinni Ytri-Skógum í Austur-Eyjafjallahreppi með tilheyrandi réttindum og skyldum og með þeim skilyrðum er fylgdu afhendingu jarðarinnar samkvæmt gjafabréfi, dagsettu 30. september 1944, til Vestur-Skaftafellssýslu og Rangárvallasýslu.

Héraðsnefndirnar gegna áfram hlutverki jarðareigenda gagnvart ábúendum jarðarinnar Ytri-Skóga samkvæmt þinglýstu byggingarbréfi, dags. 7. ágúst 1980.

Fyrir liggur veðbókarvottorð af jörðinni Ytri-Skógum frá 26. maí 1998. Byggðasafnið í Skógum lýtur sérstakri stjórn sem fer með málefni þess ásamt húseignum og tilheyrandi lóð.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 500.000 sem skal vera óskerðanlegur höfuðstóll og ávaxtaður með tryggilegum hætti.

3. gr.

Tilgangur Skóga er að reka skólastofnun með starfsbrautum og almennu námi á framhaldsskólastigi í samvinnu við stofnendur, ríki og héraðsnefndir Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu. Heimilt er að reka aðra starfsemi til uppbyggingar og styrktar skólafinu, þ.m.t. að stofnsetja sérstakan styrktarsjóð Skóga sem hafi sjálfstæðan fjárhag og starfi eftir sérstakri skipulagsskrá.

Starfsemi Framhaldsskólans í Skógum fer fram í samnefndu húsi í Rangárvallasýslu samkvæmt sérstöku samkomulagi við menntamálaráðuneytið um leigu lóðar og húsnæðis Framhaldsskólans í Skógum, íbúðarhúss og annarra eigna á jörðinni.

Til þess að stofnunin geti náð megintilgangi sínum er stjórn stofnunarinnar, skólanefnd, heimilt fyrir hönd stofnunarinnar að eiga samstarf við aðra aðila, þ.m.t. stofnaðila, og gerast í því skyni aðili að samstarfssamningi um lengri eða skemmri tíma.

4. gr.

Sérstakt fulltrúaráð annast skipan skólanefndar og stefnumörkun stofnunarinnar. Fulltrúaráðið er skipað 10 fulltrúum, sem er þannig tilnefnt: héraðsnefnd Rangæinga tilnefnir 6 fulltrúa og 3 til vara og héraðsnefnd Vestur-Skaftfellinga tilnefnir 4 fulltrúa og 2 til vara. Í fyrsta sinn skal skipa helming fulltrúanna til tveggja ára og hinn helminginn til fjögurra ára og síðan alla til fjögurra ára. Fulltrúaráðið skiptir með sér verkum.

Fulltrúaráðið skal koma saman til fundar eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Boða skal fundi fulltrúaráðsins með tryggilegum hætti.

5. gr.

Fulltrúaráðið er samráðsvettvangur þeirra er standa að stofnuninni. Fulltrúaráðið setur skólanefnd erindisbréf með hliðsjón af þeim lögum sem um starfsemi skólans gilda á hverjum tíma.

Fyrir fulltrúaráðið skal leggja til staðfestingar fjárhagsáætlun stofnunarinnar svo og ársreikninga hverju sinni. Fyrir ráðið skal ennfremur leggja allar meiriháttar ákvarðanir um rekstur stofnunarinnar, sem skólanefnd telur nauðsynlegt að bera undir ráðið, eða mál sem a.m.k fimm fulltrúaráðsmenn óska skriflega eftir að tekin verði fyrir á ráðsfundi. Fulltrúaráðið ræður löggiltan endurskoðanda til a.m.k. tveggja ára í senn til þess að endurskoða reikninga stofnunarinnar. Fulltrúaráðið kys tvo menn úr sínum hópi sem skoðunarmenn reikninga. Fulltrúaráðið sendir tilnefningaraðilum ársskýrslu stofnunarinnar árlega. Endurskoðaðir reikningar skulu sendir Ríkisendurskoðun eigi síðar en 30. júní ár hvert fyrir næstliðið ár ásamt skýrslu um hvernig fé stofnunarinnar hefur verið ráðstafað á því ári. Um reikningshald fer að lögum nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

6. gr.

Stjórn stofnunarinnar, skólanefnd, er skipuð fimm mönnum og jafnmörgum til vara sem hér segir: Formaður kosinn í sérstakri kosningu af fulltrúaráðinu en auk þess kys fulltrúaráðið þrjá fulltrúa og menntamálaráðherra tilnefnir einn fulltrúa. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Kjörtímabil skólanefndarmanna er fjögur ár.

Skólanefnd ber ábyrgð á rekstri, fjárhag og eignum stofnunarinnar og kemur fram fyrir hennar hönd gagnvart þeim sem veita henni fjárhagslegan stuðning. Skólanefndin ákveður starfstílhögun stofnunarinnar og setur sér og stofnuninni starfsreglur.

Skólanefnd ber ábyrgð gagnvart fulltrúaráðinu. Skólanefndin undirbýr fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár, sem skal með hæfilegum fyrirvara lögð fyrir fulltrúaráðið.

7. gr.

Tekjur Skóga eru auk vaxta af stofnframlagi:

- a) árlegt framlag frá ríki vegna menntunar nemenda á framhaldsskólastigi sem ákvarðað er með þjónustusamningi, sbr. 41. gr. framhaldsskólalaga nr. 80/1996,
- b) tekjur af annarri starfsemi, s.s. ferðamannaþjónustu,
- c) nemendagjöld,
- d) framlög frá einstaklingum, stofnunum og sjóðum,
- e) leigutekjur, vaxtatekjur o.fl.

Fjármunir þeir sem stofnunin á eða eignast skulu ávaxtaðir á sem hagstæðastan hátt í bönkum, sparisjóðum eða ríkistryggðum skuldabréfum. Tekjum og eignum Skóga má einvörðungu verja í þeim tilgangi sem samrýmist markmiðum stofnunarinnar.

8. gr.

Skólanefnd ræður framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur stofnunarinnar og stjórnun hennar og setur honum erindisbréf. Skólanefnd skal sjá um að stofnunin sé rekin í samræmi við gildandi lög um öll málefni er varða skólastofnunina.

9. gr.

Eigi má veðsetja fasteignir stofnunarinnar nema með fullu samþykki fulltrúaráðs og dómsmálaráðuneytisins, sbr. 5. gr. laga nr. 19/1988. Eigi má binda eignir stofnunarinnar nokkrum veðböndum eða skuldbindingum sem óviðkomandi eru tilgangi stofnunarinnar.

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari og ákvörðun um að hætta rekstri stofnunarinnar skulu samþykktar af 2/3 hlutum allra fulltrúaráðsmanna og staðfestar af menntamálaráðherra og dómsmálaráðherra. Verði stofnunin lögð niður skulu upphaflegar eignir sem lagðar voru til sjálfseignarstofnunarinnar, sbr. 2. gr., renna til fyrri eigenda, en öðrum eignum stofnunarinnar skal varið í þágu fræðslu- og menningarmála í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafells-sýslum.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og hún birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 11. júní 1998.

F. h. r.

Ólafur W. Stefánsson.

Fanney Óskarsdóttir.